



4.bekkur Heimilisfræði 2024 – 2025

Kennsluaðferðir

Kennt er einu sinni í viku 80 mínútur í senn. Hver hópur kemur 1/ 3 af vetrinum eða í um 12 skipti. Verkefni eru útskýrð fyrir öllum hópnum í einu og honum síðan skipt upp í tveggja manna hópa. Síðan fer fram einstaklingsaðstoð svo allir nái sem bestum tókum á þeim aðferðum sem verið er að kenna.

Hæfniviðmið í heimilisfræðikennslu í lok 4. bekkjar eru að nemendur:

- geti tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
- geti valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líða
- geti farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- geti sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni
- geti farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúshöld

Að auki er lögð áhersla á að nemendur:

- fái þjálfun í að ganga vel um og sýna hreinlæti við störf í eldhúsinu.
- fái verklega þjálfun í heimilisfræði.
- fái þjálfun í að vinna með öðrum.

Námsefi og gögn

- Uppskriftir úr ýmsum áttum – úr bókum og af netinu
- Áhöld, hráefni og matvæli úr kennslueldhúsinu
- Uppskriftir og verkefni úr kennslubókunum Heimilisfræði fyrir byrjendur, Gott og gagnlegt og Holt og gott <https://mms.is/namsefni>

Námsmat

Leiðbeinandi símat í hverri kennslustund. Lögð er áhersla á að leiðbeina á uppbyggjandi hátt og hrósa fyrir góð vinnubrögð. Lokanámsmat byggir á þátttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er unnið samkvæmt hæfnikorti Aðalnámskrár grunnskóla.

Flestar uppskriftir eru settar inn á heimasíðu heimilisfræðinnar. Slóðin er : <http://audhumla.weebly.com>

Heimilisfræðikennari Þuríður Aðalsteinsdóttir